



## BOLUNGARVÍK

### Ráðningarsamningur bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar 2026-2030

Með vísan til samþykktar bæjarstjórnar frá 5. júní 2026 gera Bolungarvíkurkaupstaður, kt. 480774-0279, Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík og Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, kt. 150682-3989, Völusteinsstræti 5, 415 Bolungarvík, með sér svohljóðandi ráðningarsamning:

1. Jóhanna Ósk er ráðin Bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar frá 1. ágúst 2026 til loka kjörtímabilsins 31. maí 2030, sbr. sveitarstjórnarlög nr 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn og Bolungarvíkurkaupstaðar dagsett 9. Maí 2014 með síðari breytingum.
2. Föst dagvinnulaun bæjarstjóra skulu vera kr. 1.200.000,- á mánuði. Mánaðarlaun bæjarstjóra taka breytingum í samræmi við hækkun taxta í samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnun, ráðum og nefndum Bolungarvíkukaupstaðar dagsett 30. október 2016, með síðari breytingum. Í launum bæjarstjóra er innifalin greiðsla fyrir nefndastörf og setu í bæjarstjórn, ekki er greitt aukalega fyrir nefndarstörf eðasetu í vinnuhópum á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar.
3. Bæjarstjóri fær greitt stjórnendaálag sem nemur 45% af mánaðarlaunum. Stjórnendaálag er þóknun fyrir unna yfirvinnu og allt áreiti utan dagvinnutíma, undirbúning, ferðatíma, móttökur gesta og hvað annað vinnuframlag sem til fellur utan dagvinnutíma. Greitt er 13,04% orlof á stjórnendaálag.
4. Bæjarstjóri fær greiddar persónuuppbætur eins og kveðið er á um í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga.
5. Bæjarstjóri greiðir félagsgjald til Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga og Bolungarvíkurkaupstaður greiðir gjöld til stéttarfélagsins í samræmi við ákvæði kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga.
6. Bolungarvíkurkaupstaður greiðir mótframlag af launum bæjarstjóra til Almenni – Lífsverk lífeyrissjóður. Iðgjald Bolungarvíkurkaupstaðar er nú 11,5% og iðgjald bæjarstjóra 4%. Þá greiðir Bolungarvíkurkaupstaður allt að 2% mótframlag í séreignarlífeyrissjóð gegn samsvarandi framlagi bæjarstjóra skv. samningi aðila þar um.
7. Bæjarstjóri fær ekki greitt sérstaklega fyrir setu á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs eða öðrum fundum fastanefnda Bolungarvíkurkaupstaðar.
8. Orlof er 30 virkir dagar á ári. Bæjarstjóri skal nýta áunnið orlof innan viðkomandi orlofstímabils. Þó er heimilt að flytja allt að 10 orlofsdaga yfir á næsta orlofstímabil með

skriflegu samkomulagi aðila og skal slíkt samkomulag liggja fyrir einummánuði áður en orlofsári lýkur.

9. Bæjarstjóri fær fasta aksturspeninga sem miðast við 1.000 km akstur á mánuði, sbr. akstursgjald ríkisstarfsmanna, sem er nú 150 kr/km. Á ferðalögum á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar greiðist ferðakostnaður skv. reikningum.

10. Bolungarvíkurkaupstaður greiðir kostnað bæjarstjóra vegna notkunar á farsíma og nettengingu á heimili bæjarstjóra.

11. Bolungarvíkurkaupstaður leggur bæjarstjóra til farsíma og fartölvu til notkunar í störfum sínum.

12. Bolungarvíkurkaupstaður kaupir líf- og slysatryggingu fyrir bæjarstjóra skv. gildandisamningi Bolungarvíkurkaupstaðar við tryggingafélag sveitarfélagsins þar um.

13. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á kjörtímabilinu er þrjú mánuðir. Samkomulag er um að við starfslok í lok kjörtímabilsins verði laun greidd á uppsagnarfresti í þrjú mánuði og að auki þriggja mánaða biðlaun.

14. Að öðru leyti en tilgreint er í samningi þessum gilda almenn ákvæði gildandi kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga, eins og á við hverju sinni.

Bolungarvík, 30. júní 2026

Jóhanna Ósk Halldórsd.  
Jóhanna Ósk Halldórsdóttir  
bæjarstjóri

Baldur Smári Einarsson  
Baldur Smári Einarsson  
forseti bæjarstjórnar

Kristján Jón Guðmundsson  
Kristján Jón Guðmundsson  
formaður bæjarráðs